



Bókun skipulags og umhverfisnefndar á 40. fundi 8.04.2025

1. Skipulagstillaga – Suðurbær Þórshöfn

01.1 Húsakönnun Suðurbær

01.2 Fornleifaskráning Suðurbær

01.3 Samantekt umsagna

Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir suðurbæja Þórshafnar var auglýst frá 7. febrúar til 24. mars 2025. Með tillögunni fylgdi húsakönnun fyrir skipulagssvæðið og fornleifaskráning. Tvær athugasemdir bárust við tillöguna ásamt umsögnum frá RARIK, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Vegagerðinni.

Nefndin samþykkir svör og viðbrögð við innsendum athugasemdum og umsögnum og leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á tillögunni í samræmi við þau, *sjá samantekt umsagna og viðbrögð*.

A

Vægi tengingar til suðurs frá Nýjum Norðausturvegi verður minnkað á skipulagsupprætti og eftirfarandi texta bætt við á uppdrátt „Hugsanleg staðsetning tengingar vegna framtíðaruppbyggingar reits með fyrirvara um samráð og leyfi Vegagerðarinnar“.

B

Eftirfarandi texta verður bætt við á skipulagsupprátt vegna útskots fyrir ferðamenn við Fjarðarveg „Leiðbeinandi staðsetning útskots fyrir ferðamenn. Endanleg staðsetning ákveðin í samráði við Vegagerðina“

Þessar breytingar teljast lítilsháttar og kalla ekki á að tillagan verði auglýst að nýju.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki framlagða tillögu með fyrrnefndum breytingum.

Samþykkt samhljóða.
